



Fylgja Jesú í ENGLANDI



KYNNIST
LUCIU, VIVIE
OG ZAC!



Um þau

NÖFN: Lucia, 7 ára; Vivie, 9 ára; og Zac, 9 ára

FRÁ: Herefordshire, Englandi

TUNGUMÁL: Enska

MARKMIÐ OG DRAUMAR: Vera góður vinur (Lucia), læra Trúaratriðin utanbókar (Vivie) og hjálpa öðrum börnum að leika íþróttir (Zac)

FJÖLSKYLDA: Lucia og Zac eru systkin og Vivie er frænka þeirra



Hvernig þau fylgja Jesú

„Fjölskyldur okkar búa á sama býli og amma okkar og afi,“ sagði Lucia. „Það er margt sem gera þarf, en okkur líður vel þegar við þjónum. Við vitum að Jesús vill að við þjónum.“

„Við hjálpum ömmu að huga að smáhestunum,“ segir Vivie. „Við leiðum þá á akurinn til beitar. Við þrífum gerðið þeirra, kembum þeim, gefum þeim hey og fyllum á vatnstankana þeirra. Við höfum gaman af því að hjálpa ömmu.“

Zac fylgir líka Jesú með því að þjóna. „Langafi okkar fór í handaraðgerð. Hann gat ekki hirt um garðinn sinn. Fjölskyldan mín og afi og amma hjálpuðu við að slá túnið og reita illgresið. Langafi varð svo glaður!“ ●

MYNDSKREYTING: LUCY SEMPLE DEAKIN



Hvernig fylgið þið Jesú?

Það er hægt að fylgja Jesú á marga vegu. Hvernig fylgið þið honum? Skrifid og látið okkur vita!



Það sem þau halda mest upp á.

RITNINGARSAGA: Uppáhalds saga Zacs er þegar Jesús gekk á vatninu.



STAÐUR: Lucia og Vivie elska að vera hjá hestunum.



ÁVÖXTUR EÐA GRÆNMETI: Mangó (Lucia), sætar kartöflur (Vivie), spergilkál (Zac)



NÁMSFAG Í SKÓLA: Listir (Lucia og Vivie) og saga (Zac)



LITUR: Fjólublár (Lucia), blágrænn (Vivie) og gulur (Zac)